

Ed.

402. Nefndarálit

[99. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 frá 15. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Efni frv. er í stuttu máli þetta: Persónufrádráttur skal aldrei nema lægri upphæð en þeirri, sem skattgreiðandinn hefur fengið greidda á árinu sem bætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Séu þær hærrí en persónufrádrátturinn er samkv. gildandi lögum, hækkar hann sem mismuninum nemur.

Persónufrádrátturinn er nú 6500 kr. fyrir einstakling. Upphæð elli- og örorkulífeyris á fyrsta verðlagssvæði er um 6850 kr. á ári, þ. e. um 350 kr. hærrí en persónufrádrátturinn. Lífeyri þennan er heimilt að hækka um allt að 40%, ef lífeyrisþeginn þarfnast hjúkrunar eða umönnunar eða dvelst á elliheimili og er eigna- og tekjulaus.

Talsvert á annað þúsund lífeyrisþega nýtur nú þessarar hækkunar, frá 10% upp í 40%. Getur lífeyrisgreiðslan þannig komið upp í nærfellt 9600 kr. á ári. Um 3000 kr. af þeirri upphæð verða skattskyldar samkvæmt gildandi lögum, og nemur skattur af þeirri upphæð um 40 kr.

Sjá allir, hvílik reginfjarstæða það er að ætla eignalaus, örvasa gamalmenni, er dvelst á elliheimili, þar sem hælísvistin kostar 15000—16000 kr. á ári, að greiða skatt af bótum Tryggingastofnunarinnar, sem ekki hrökkva fyrir nema $\frac{2}{3}$ hlutum dvalarkostnaðarins.

Ekkjur, sem njóta barnalífeyris og mæðralauna auk ekkjubótanna, geta einnig orðið tekjuskattsskyldar, þótt þær hafi engar tekjur umfram bæturnar. Einnig það verður að teljast fjarri öllum sanni.

Úr þessu ranglæti mætti að sjálfsgöðu bæta með því að hækka persónufrádráttinn. Hef ég áður flutt tillögur þess efnis, en þeim hefur verið hafnað með þeim rökum, að almenn hækkun persónufrádráttar veiti þeim tekjuhæstu mesta skattalækkun og skerði tekjur ríkisins af skattinum mjög tilfinnanlega.

Þessum rökum verður ekki beitt gegn þessu frv. Allir þeir, sem ákvæði þess taka til, eru á lægstu þrepum skattstigans, og skattur þeirra munar ríkissjóðinn engu, nokkrum tugum þúsunda í hæsta lagi. Má telja víst, að innheimtan kosti stórum meira en skattar þessara bótaþega nema.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði vísað frá með vísan til þess, að skattalögin séu nú í endurskoðun. Sú endurskoðun tekur, að því er ég bezt veit, aðeins til þess hluta laganna, sem fjallar um skatta félaga og fyrirtækja. Tillögur millipinganefndarinnar um persónuskattana voru afgreiddar á síðasta þingi. Er því traúðla að vænta nokkurra tillagna frá henni til leiðréttingar á þessum misfellum skattalaganna, enda fyllsta þörf að sniða þessa ágalla af lögunum nú þegar.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 23. febr. 1955.

Haraldur Guðmundsson.